



Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um birtingu persónuupplýsinga

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Nöfn þeirra sem sendu inn athugasemdir vegna staðsetninga smáhýsa hafa verið birt í dagskrá fyrir fundinn. Þetta er sagt vera venja í samgöngu- og skipulagsráði. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort það sé með leyfi aðila? Einnig er spurt hvort þetta rými við persónuverndarlög? Kærur eru t.d. merktar sem trúnaðargögn.

Hver er munurinn á þessu tvennu, kærur vs. athugasemdir þegar kemur að reglum um birtingu nafna í dagskrá?

Hvernig er fjallað um nafnabirtingar innsendra mála í reglum og samþykktum borgarinnar? Flokkur fólksins vill áréttta að mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki víst að fólk sem sendir inn athugasemdir og umsagnir vilji að nöfn þeirra séu birt í dagskrá eða fundargerðum. Skipulagsmál eru fyrir mörgum afar tilfinningaleg mál.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu sviðsstjóra dags. 14. maí 2020.

Svar:

Við afgreiðslu mála í skipulags- og samgönguráði eru lögð fram öll gögn sem málið varða til þess að kjörnir fulltrúar geti tekið upplýsta ákvörðun. Á meðal slíkra gagna eru t.d. athugasemdir sem berast þegar lögbundið samráð er átt við íbúa og aðra hagsmunaaðila, 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í slíkum innsendum athugasemdum geta verið ýmsar persónuupplýsingar svo sem nöfn, heimilisföng, kennitölur, símanúmer o.fl. Í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlög) var öll vinnsla persónuupplýsinga á umhverfis- og skipulagssviði yfirfarin og mat lagt á hvort vinnsla væri heimil að óbreyttu eða hvort gera þyrfti breytingar til að uppfylla ákvæði laganna. Niðurstaðan hvað varðar innsendar athugasemdir vegna skipulagsmála og birtingu þeirra í fundargerð var að heimilt væri að birta nafn og heimilisfang þeirra sem sendu inn athugasemdir enda hefði það málefnalegan tilgang og væri hluti af því að uppfylla kröfu um gagnsæja stjórnýslu. Aftur á móti var talið að birting kennitala, einkasímanúmera og einkanetfanga væri óheimil þar sem það hefði engan sérstakan tilgang og væri því ekki málefnalegt í þessu samhengi. Þessi skilningur var staðfestur í úrskurði Persónuverndar frá 25. september 2020. Birting athugasemdanna sem fylgigagna með fundargerðum hafi verið liður í gagnsærri stjórnýslu og upplýsingagjöf til þeirra er málið varði, bæði kjörinna fulltrúa, almennings og hagsmunaaðila. Heimild til vinnslunnar er að finna í 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga, auk þess sem 5. tl. 9. gr. laganna á einnig við þar sem gagnsætt samráðsferli við



gerð skipulagsáætlana er í þágu almannahagsmuna. Við auglýsingu deiliskipulagstillagna eru veittar upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga. Ekki er nánar fjallað um birtingu nafna í samþykktum eða reglum Reykjavíkurborgar, né heldur auglýsingu innanríkisráðuneytisins um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, heldur er litið til sveitarstjórnarlaga, upplýsingalaga og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Þegar innsendar athugasemdir innihalda persónuupplýsingar sem ekki er heimilt að birta almenningi er annað hvort strikað yfir þær upplýsingar áður en gögnin eru birt eða gögnin sett í sérstaka trúnaðargátt í fundarkerfi borgarinnar þar sem einungis kjörnir fulltrúar og starfsfólk viðkomandi fagraða hefur aðgang. Hið sama gildir um innsendar kærur vegna mála á vegum sviðsins.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
skrifstofustjóri, skrifstofu sviðsstjóra